

Ytra mat grunnskóla

Lágafellsskóli

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbæ.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Svanfríður I. Jónasdóttir
© Menntamálastofnun, 2016.

ISBN 978-9935-433-69-5

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Lágafellsskóli	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Starfsmenn	9
Nemendur	10
Árangur náms	10
Samræmd könnunarpróf	10
Starfstími.	13
Sérfræðipjónusta	13
Niðurstöður	14
Svið I – Stjórnun	14
Fagleg forysta	14
Stefnumótun og skipulag	17
Samskipti heimila og skóla	18
Svið II - Nám og kennsla	20
Nám og námsaðstæður	20
Þátttaka og ábyrgð nemenda.	23
Námsaðlögun	24
Svið III – Innra mat	26
Framkvæmd innra mats.	26
Umbótastarf í kjölfar innra mats	27
Svið IV – Starfsemi frístundasviðs Lágafellsskóla	29
Tilgangur og umgjörð Frístundasels	29
Uppeldi og menntun í Frístundaseli	29
Starfshættir og viðfangsefni	30
Mannréttindi og margbreytileiki	31
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	31
Heimildir.	39

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Lágafellsskóla sem fór fram á vorönn 2016. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur; *starfsemi Frístundasels Lágafellsskóla*.

Stjórnun

Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist í skólanámskrá/starfsáætlun á heimasíðu. Einkunnarorð skólans; samvera, samvinna og samkennd, eru kunn öllum hagsmunaaðilum. Líðan nemenda er sett í forgrunn og stjórnendur vinna að samstöðu meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti og hvetja kennara til að auka sífellt gæði náms og kennslu. Uppbyggingarstefnan (Uppeldi til ábyrgðar) hefur verið innleidd og stuðlar að því að gera skólabraginn jákvæðan. Einnig hefur markvisst verið unnið með niðurstöður eineltiskannana til að auka vellíðan nemenda í skólanum. Samskipti nemenda og starfsfólks einkennast almennt af jákvæðum samskiptum.

Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara. Skólaráð er virkt í störfum sem samráðsaðili um stjórn og stefnumörkun og foreldrafélag fundar reglulega með skólastjóra og er starfsemi þess sýnileg á heimasíðu skólans. Reglulega eru gerðar foreldrakannanir og niðurstaða þeirra gerð opinber og foreldrum bjóðast ýmis tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna.

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Þó þarf að gæta þess að ferðatími á milli skóla og íþróttamannvirkja rekist ekki á tíma annarra námsgreina. Æskilegt væri að stjórnendur færu reglulega í kennslustundir og kennarar fengju endurgjöf frá þeim og til að efla starfsandann þarf að ganga frá málum sem tengjast nýjum kjarasamningum kennara.

Nám og kennsla

Í kennsluáætlunum og bekkjarnámskrám eru grunnþáttum menntunar gerð góð skil og skólanámskrá er endurskoðuð reglulega. Nemendur á unglingsstigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum og nemendum er kennt að setja sér markmið í námi. Á ýmsan hátt er leitað eftir sjónarmiðum nemenda varðandi skólastarf og m.a. á svokölluðum lýðræðisfundum sem eru öðrum til eftirbreytni.

Kennarar sýna góða fagþekkingu og sérfræði þeirra nýtist í starfi. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi og snemmtæka íhlutun. Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt og nám lagað að niðurstöðum. Almennt einkennist skólabragur af sanngirni og virðingu.

Skýrara væri fyrir hagsmunaaðila ef skólanámskrá og starfsáætlun væru aðskildar eins og aðalnámskrá hefur sett upp og að í skólanámskrá væru námsvísar þar sem hægt væri að sjá samfellu í námi hvers fags frá 1.-10. bekk. Æskilegt væri að sjá meiri fjölbreytni í kennsluháttum og meiri umræður og skoðanaskipti í námi nemenda. Þannig væri lögð aukin rækt við gagnrýna hugsun þeirra. Nemendur þekkjá markmið smærri verkefna og kennslustunda en eru ekki ljós markmið í námi hvað varðar náms- einingar í heild sinni.

Innra mat

Í starfsáætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Árleg greinargerð fjallar ítarlega um helstu aðferðir og niðurstöður mats og fyrir liggur langtímaáætlun til 5 ára þar sem sést að öll markmið skólanámskrár eru metin reglubundið með einhverjum hætti.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og gagna aflað með fjölbreyttum aðferðum. Þær umbótaáætlanir sem fyrir liggja vegna tiltekinna kannana eru tíma- settar og með tilgreindum ábyrgðaraðilum og leiðum til umbóta.

Æskilegt er að kjósa í matsteymi vegna innra mats þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa. Setja þarf upp árlega innramatsáætlun þar sem sameinaðir eru þættir langtímaáætlunar á viðkomandi skólaári og stefnukorts skólans. Gera þarf heildar umbótaáætlun sem nær til allra þátta innra mats.

Starfsemi Frístundasels Lágafellsskóla

Í starfsáætlun Lágafellsskóla segir í kafla 3.6. Frístundastarfsemi: „Frístundasel Lágafellsskóla býður upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur og mætir þörf foreldra og barna fyrir heildstæða þjónustu.“ Starfstöðvar Frístundasels eru fjórar og er sérdeild ein þeirra. Leiðarljós frístundaselsins er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Skólastjóri Lágafellsskóla er ábyrgðarmaður Frístundaselsins en forstöðumaður sér um daglegt starf. Kynjajafnvægi og breidd í starfsmannahópnum er til fyrirmyndar. Auk frístundastarfsins skipuleggur Frístund verkefnið Vinaliðar en vinaliðar koma úr 4.-10. bekk Lágafellsskóla og sjá um leiki í fyrri frímínútum dagsins.

Börnin hafa val um viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk, m.a. í barnaráði sem í sitja fjórir nemendur í 3. og 4. bekk. Nemendur í sérdeild njóta samvista við aðra nemendur í Frístund auk þess að fá sérstaka þjónustu við hæfi. Frístundasel er mjög vinsælt meðal barnanna og eftirsótt að vera þar. Ákveðin óþægindi skapast af því að deila húsnæði með skólanum og Frístundasel þyrfti að hafa meira sérhúsnæði fyrir sína starfsemi.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Lágafellsskóla. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Svanfríði Jónasdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 11.-18. janúar, 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Lágafellsskóla voru fjórir þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og starfsemi Frístundasels Lágafellsskóla. Síðasttaldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *starfsemi Frístundasels Lágafellsskóla*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til 2016 til þess að innleiða einn kaflahluta, það er kafla 9.4. þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýni-viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra könnunarprófa og framfarastuðull frá undanförunum árum. Engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Kynningarfundur var haldinn fyrir allt starfsfólk skóla þann 11. janúar þar

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

sem forsendur matsins voru kynntar sem og framkvæmdin. Þá gafst einnig tækifæri til að fara með stjórnanda í skoðunarferð um skólann. Sama dag voru haldnir nokkrir rýnifundir. Dagana þar á eftir tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Fimmtudaginn 14. janúar var haldinn fundur með framkvæmdastjóra fræðslusviðs Mosfellsbæjar, formanni fræðslunefndar og fulltrúum af skólaskrifstofu. Þar var kynnt framkvæmd matsins og farið yfir forsendur þess og forsögu.

Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 2.-6. bekk og hins vegar 7.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Vegna fjórða þáttar, starfsemi Frístundasels, var einnig fundur með starfsmönnum þess. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann og forstöðumann Frístundasels en einnig hópviðtal við alla aðra stjórnendur. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, starfsemi Frístundasels Lágafellsskóla, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í 6 daga, þ.e 11.-18. janúar 2016. Farið var í 51 kennslustund hjá 49 kennurum (tvisvar hjá þeim sömu) og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum, sundi, textíl og tónlist, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dags og fá endurgjöf og nýttu um 67% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Lágafellsskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Lágafellsskóli tók til starfa árið 2001 og því má segja að hann eigi ekki langa sögu. Í upphafi voru eingöngu nemendur í 1.-6 bekk. Í dag er skólinn heildstæður grunnskóli fyrir 1.-10. bekk og auk þess er elsti árgangur leikskólans þ.e. fimm ára nemendur í samstarfi við 1. og 2. bekk grunnskólans. Þessir 3 yngstu árgangar eru saman í nýju útibúi skólans, Höfðabergi. Nemendur 3.-10. bekkjar eru í húsnæði Lágafellsskóla við Lækjarhlíð.

Í Höfðabergi er samþætting leik- og grunnskóla og frístundastarfs eitt af sérkennum þess. Leikurinn er nýttur sem leið að fjölpættum markmiðum og áhersla á útinám barna.

Samstarf er við leikskólann Hulduberg og er virkt ferli í gangi um þau samskipti. Nemendur 10. árgangs í skólanum fá árlega kynningu á Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Skólinn hefur samstarf við marga aðra aðila í grenndarsamfélaginu. Má þar nefna Listaskólann, íþróttafélögin og Héraðsbókasafnið. Þá hefur skólinn samskipti við mörg fyrirtæki og stofnanir vegna vinnustaðavals unglunga. Einnig á sér stað bæði formlegt og óformlegt samstarf við aðra grunnskóla og leikskóla bæjarfélagsins.

Frístundasel Lágafellsskóla býður upp á fjölbreytt tólmundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Leiðarljós Frístundaselsins er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í um-

hverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Frístundaselið starfar á tveimur stöðum þ.e. í Höfðabergi fyrir 1. og 2. bekk en í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð fyrir 3. og 4. bekk, einnig er nemendum í sérdeild boðið upp á frístundastarf á vegum Frístundasels.

Skólinn er einnig í samstarfi við erlenda aðila, m.a. hefur hann tekið þátt í Nordplus verkefni síðastliðin tvö ár þar sem skólar frá Lettlandi og Eistlandi eru þátttakendur. Frá hausti 2015 og næstu 2 árin tekur skólinn þátt í Erasmus + verkefni ásamt skólum í Belgíu, Þýskalandi og Ítalíu og er Lágafellsskóli stýriskóli verkefnisins sem kallast Out of the box.

Félagsmiðstöðin Bólið starfar við Lágafellsskóla og heldur utan um tólmstundastarf fyrir nemendur sem eru í 5.-10. bekk. Samstarf er við Listaskólann í Mosfellsbæ, bæði tónlistardeild hans og skólahljómsveit, sem felst í því að kennarar þaðan koma í skólann og kenna nemendum sínum þar í einkatímum á hljóðfæri.

Stefna skólans

Samvera, samvinna og samkennd eru einkunnarorð skólans, þau gildi sem skólastarfið byggir á. Á myndrænan hátt eru þessi þrjú hugtök látin mynda undirstöðu *sjálfstrausts* og birt í starfsáætlun skólans á heimasíðu hans. Þar er einnig fjallað um stefnu skólans, bæði sýn hans og hlutverk. Jafnframt er þess getið í starfsáætlun skólans að gildi Mosfellsbæjar, *virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja* skulu endurspeglast í skólastarfinu.

Í stefnukorti skólans eru talin upp markmið í hinum ýmsu málaflokkum; Fjármál og áætlanir, Mannauður, Foreldrar og nemendur og Innri virkni-stjórnkerfis. Þar kemur fram hvaða aðgerðir á að framkvæma og mælikvarði, tímasetningar og ábyrgðaraðilar.

Skólinn hefur innleitt stefnuna *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga* (e. restitution – self discipline) sem er eins og nafnið bendir til, aðferð við að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Þá er *Virk samkennd*, hópur sem samanstendur af fulltrúum allra bekkja í unglingadeild skólans, starfandi í skólanum. Markmið *Virkrar samkenndar* er að virkja nemendur til samkenndar með öðrum og leggja sitt af mörkum til að öllum geti liðið vel í skólasamfélaginu. Hópurinn stendur t.d. fyrir lýðræðisfundum sem haldnir eru einu sinni á önn með fulltrúum nemenda, skólastjórnendum og kennurum. Þar gefst nemendum færi á að koma hugmyndum sínum og athugasemdum á framfæri.

Lágafellsskóli er Heilsueflandi grunnskóli og hefur heilsueflingarteymi það hlutverk að halda utan um heilsueflingarstarfið og tryggja framgang þess í daglegu starfi skólans.

Það er stefna Lágafellsskóla að nota PALS lestrarþjálfun í námi barnanna. Í vetur er unnið með PALS í 2.-7. bekk. PALS stendur fyrir Peer Assisted Learning Strategies og hefur fengið íslenska heitið Þör Að Læra Saman.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 153, þar af 13 í leikskólahluta og stöðugildi eru 113,5 alls. Stjórnendur eru 6. Við skólann starfa 65 kennarar í rúmlega 59 stöðugildum þar af leiðbeinendur í 2 stöðugildum. Báðir leiðbeinendurnir eru með háskólapróf sem nýttast í starfi og annar er í kennaranámi. Sérkennarar eru 15 í 6,11 stöðugildum. Aðrir sérfræðingar eru þroskaþjálfari, iðjuþjálfari, námsráðgjafar og kennari/djákni sem sér um Vinaleið, samtals í 3,6 stöðugildum. Annað starfsfólk er því 65 í rúmlega 34 stöðugildum.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 18% af starfsmönnum skólans. Mjög góður stöðugleiki er í kennarahópnum. Mest er starfsmannavelta í Frístund enda oft um að ræða framhalds- eða háskólanema í hlutastarfi.

Sérhæfing kennara nýtist vel og langflestir með kennslu er tengist kjörsviði þeirra.

Nemendur

Í Lágafellsskóla eru 729 grunnskólanemendur á vorönn 2016. Meðalstærð bekkja er 19,7 (frá 15-25). Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	71	68	75	72	64	77	69	84	68	81
Bekkjardeildir	4	4	4	4	3	4	3	4	3	4

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er 0,075% af nemendafjölda skólans. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku eru 25, sumir þó jafnvígir á bæði mál. Nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi eru 16.


Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2010-2015

4. bekkur




Mynd 1. Meðaltalsárangur nemenda í 4. bekk sl. sex ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennd síðustu sex árin. Allt frá því að vera töluvert langt fyrir neðan landsmeðaltal í stærðfræði árin 2011 og 2014 og upp í það að vera marktækt fyrir ofan meðaltal, í íslensku, við lok þessa sex ára tímabils.

Þegar litið er til fjölda nemenda s.l. tvö ár er 61 nemandi í þessum árgangi árið 2014 og ári síðar eru þeir 73. Þátttaka í prófum hefur verið nálægt 95% þegar landsmeðaltal er um 90%.

7. bekkur



Mynd 2. Meðaltalsárangur nemenda í 7. bekk sl. sex ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Þegar þróunarlínan (svarta) er skoðuð sést að síðari hluta tímabilsins hefur frammistaða nemenda dalað nokkuð. Frammistaða nemenda í sjöunda bekk í íslensku í byrjun tímabils var marktækt yfir landsmeðaltali og aðeins í tvö ár, þ.e. 2013 og 2014 hefur hún verið undir landsmeðaltali. Stærðfræði er hins vegar sveiflukennnd, var um og yfir landsmeðaltali fyrstu þrjú ár tímabilsins en síðan fer að halla undan fæti.

Þegar litið er til fjölda í árgöngum s.l. tvö ár voru 80 nemendur í árgangi árið 2014 en 69 árið 2015. Þátttaka í prófum hefur verið um og yfir 90% og áberandi mikil eða 98% í íslensku árið 2014. Landsmeðaltal er um 90%.


Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftöku í 4. og 7. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 4. og 7. bekkjar prófin eru settar fram og metnar eftir því hvort þær eru *minni*, *svipaðar* eða *meiri* en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Þegar skoðaðar eru framfarir nemenda árið 2014 kemur fram að í 7. bekk í Lágafellsskóla í íslensku eru framfarir heldur meiri en landsmeðaltal. Þannig eru 11% nemenda sem fara í flokkinn *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 18%, *svipaðar* fá 69% þegar landsmeðaltal er 66% og *meiri framfarir* fá 20% þegar landsmeðaltal er 16%. Í stærðfræði eru miklar framfarir því þar er enginn nemandi með *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 18%, *svipaðar* framfarir eru hjá 72% nemenda þegar landsmeðaltal er 66% og *meiri framfarir* fá 28% nemenda þegar landsmeðaltalið er 16%.

Þegar sama er skoðað fyrir árið 2015 kemur fram að í 7. bekk fara 16% nemenda í íslensku í flokkinn *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 19%, *svipaðar* eru 74% þegar landsmeðaltal er 65% og *meiri framfarir* fá 10% nemenda þegar landsmeðaltal er 16%. Í stærðfræði eru 21% nemenda með *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 16%, *svipaðar* fá 64% þegar landsmeðaltal er 69% og 15% fá *meiri framfarir* sem er sama og landsmeðaltalið.

10. bekkur



Mynd 3. Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk árin 2010-2015. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróunina þessi ár og sýnir stöðugleika.

Frammistaða nemenda í tíunda bekk árin 2010-2015 er yfirleitt mjög góð og oftast marktækt yfir landsmeðaltali. Gildir það um allar þrjá greinarnar. Aðeins tvisvar á þessu tímabili hefur árangur einnar greinar verið undir landsmeðaltali.

Þegar litið er til síðustu tveggja ára kemur fram að fjöldi nemenda í árgangi árið 2014 er 68 og árið 2015 eru þeir 81. Þátttaka er frá 91% og upp í 97%. Landsmeðaltalið er þessi ár um 90% í öllum þremur greinunum.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli prófa í 7. og 10. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 7. og 10. bekkjar prófin eru settar fram og metnar eftir því hvort þær eru *minni*, *svipaðar* eða *meiri* en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfarir nemenda 10. bekkjar skólans milli prófa árið 2014 í íslensku sýna að 16% nemenda fær *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 18%, *svipað* fá 63% þegar landsmeðaltal er 64% og 21% nemenda fær *meiri framfarir* þegar landsmeðaltalið er 18%. Í stærðfræði sama ár fær 8% nemenda *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 15%, *svipað* fær 77% þegar landsmeðaltal er 68% og *meiri framfarir* fá 15% þegar landsmeðaltalið er 17%.

Árið 2015 fá 11% nemenda í íslensku *minni framfarir* þegar landsmeðaltal er 18%, *svipað* fá 76% þegar landsmeðaltal er 65% og *meiri framfarir* fá 13% nemenda þegar landsmeðaltal er 17%. Í stærðfræði sama ár fá 14% nemenda *minni framfarir* þegar landsmeðaltalið er 18%, *svipað* fá 72% nemenda þegar landsmeðaltal er 65% og *meiri framfarir* fá 14% þegar landsmeðaltalið er 17%.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2015-2016 er árlegur skólatími 179 dagar. Kennsludagar eru 174, svokallaðir „aðrir skóladagar“ eru 5 og einu sinni er „langur dagur“, sem hefur ígildi tveggja en þann dag er árs-hátíð/vorhátíð skólans. Þessa tilhögun, að gera ráð fyrir færri en 180 skóladögum, hefur skólasamfélagið samþykkt, þ.e. skólaráð og fræðslunefnd, til eins árs í senn. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Á vorönn 2015 voru forfallastundir 1852. Kennarar leystu af mikinn meirihluta þeirra stunda eða rúmlega 70%, aðrir starfsmenn, svo sem stuðningsfulltrúar eða deildarstjórar, sinntu nemendum í tæplega 10% stundanna og u.þ.b. 20% þurfti að fella niður og þá eingöngu í unglingsdeild.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I – Stjórnun

Samvera, samvinna og samkennd eru þau hugtök sem starfsmenn Lágafellsskóla leggja til grundvallar starfi sínu, að því er fram kemur í starfsáætlun skólans sem er hluti skólanámsskrár. Lögð er áhersla á mikilvægi samverunnar „sem leiðar til að efla/auka þroska okkar sem félagsverur. Með góðri samvinnu þar sem áhugi og hæfileikar einstaklingsins fá að njóta sín næst betri árangur og félagahópurinn nær oft að leysa verkefni sem eru einstaklingnum ofviða. Samkennd er höfð að leiðarljósi með því að virða sjónarmið, skoðanir og líðan einstaklingsins og styrkja þannig hæfni í mannlegum samskiptum.“ Á myndrænan hátt eru þessi þrjú hugtök látin mynda undirstöðu sjálfstrausts og birt í starfsáætlun skólans á heimasíðu hans. Þar er einnig fjallað um stefnu skólans, bæði sýn hans og hlutverk. Jafnframt er þess getið í starfsáætlun skólans að gildi Mosfellsbæjar, virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja skulu endurspeglast í skólastarfinu.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafla 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist í skólanámskrá/starfsáætlun á heimasíðu. Einkunnarorð skólans, samvera, samvinna og samkennd, eru kunn öllum hagsmunaaðilum. Skólastefna Mosfellsbæjar skipar veigamikinn sess í áætlunum skólans en einnig hefur verið litið til ýmissa annarra áhrifaþátta s.s. mannauðsstefnu, jafnréttisstefnu og fleiri þátta í markmiðssetningu sveitarfélagsins.

Líðan nemenda er sett í forgrunn og stjórnendur vinna að samstöðu meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti og hvetja kennara til að auka sífellt gæði náms og kennslu.

Uppbyggingarstefnan (Uppeldi til ábyrgðar) hefur verið innleidd og stuðlar að því að gera skólabraginn jákvæðan. Einnig hefur markvisst verið unnið með niðurstöður eineltiskannana til að auka vellíðan nemenda í skólanum.

Stjórnendur fylgjast einkum með námi og kennslu með því að fá í hendur kennsluáætlanir og sitja teymisfundi kennara. Mat á námi og kennslu með heimsóknum í kennslustundir þar sem endurgjöf fer fram er ekki reglulegt. Fram kom í rýnihópum og viðtölum að skólabragur og samskipti kennara og stjórnenda hefðu versnað í vetur og var átökum um vinnumat kennt um.

Í rýnihópum kom fram að gera mætti meira af því að miðla upplýsingum um árangur nemenda í skóla og frístundum t.d. á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram og kunn öllum hagsmunaaðilum.
- Uppbyggingarstefnan (Uppeldi til ábyrgðar) hefur verið innleidd og stuðlar að því að gera skólabraginn jákvæðan.
- Kennarar eru hvattir til að auka gæði náms og kennslu

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að stjórnendur færu reglulega í kennslustundir og kennarar fengju endurgjöf frá þeim.
- Einkunnarorð skólans mættu vera sýnilegri í skólanum.
- Vinna þarf að því að efla starfsandann og ganga frá málum sem tengjast nýjum kjarasamningum kennara.
- Huga þarf að meiri miðlun upplýsinga á heimasíðu um árangur nemenda í skóla og tómstundum.

Stjórnun stofnunar

Þegar kennsla er skipulögð er reynt að taka mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Verklagsreglur um meðferð eineltismála liggur fyrir. Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn Mosfellsbæjar er notuð við móttöku nýrra starfsmanna skólans. Unnið er að skjalavistunaráætlun fyrir Mosfellsbæ í samstarfi allra grunnskóla sveitarfélagsins. Miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur skólans er í samræmi við reglugerð.

Jafnréttisáætlun liggur fyrir og tekur bæði til starfsmanna og nemenda. Henni fylgir tímasett framkvæmdaáætlun með markmiðum, aðgerðum og ábyrgðaraðilum.

Stjórnendateymi skiptir með sér verkum og miðlar upplýsingum sín á milli á reglulegum fundum. Nýtt skipurit liggur fyrir sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar. Starfslýsingar starfsmanna liggja fyrir sem og skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu, huga þarf að því að slíkt gildi einnig um verktaka.

Styrkleikar

- Stjórnendateymi skiptir með sér verkum og fundar reglulega.
- Kennarar sinna að mestu kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Tímasett framkvæmdaáætlun fylgir með jafnréttisáætlun skólans.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að verktakar undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Faglegt samstarf

Í starfsáætlun skólans kemur m.a. fram sú sýn skólans að þar sé lögð áhersla á „jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að styrkja sjálfa sig, sjálfsmynd sína og taka sífellt meira ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefa tilefni til.“ Í skólanum ríkir það viðhorf

að samfélagið sé lýðræðislegt og vinna með uppbyggingarstefnuna styður við jákvæðan aga. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, bæði formlegt og óformlegt og miðar að því að styrkja nám nemenda. Stjórnendur boða reglulega til kennarafunda og starfsmannafunda. Einnig eru haldnir faggreinafundir og teymisfundir sem þeir sem sinna stoðþjónustu sitja, eftir atvikum. Í starfsáætlun kemur fram að leitast sé við að efla lýðræðisvitund nemenda og virkja þá í málefnalegri umræðu um þá þætti skólastarfsins sem snerta þá. Skólastjóri fundar með nemendaráði einu sinni í mánuði.

Samskipti við leikskóla mótast m.a. af því að starfrækt er 5 ára deild innan vébanda Höfðabergs. Sérstakt samstarf er við leikskólann Hulduberg vegna fjögurra ára nemenda sem koma í Höfðaberg sem fimm ára nemendur. Fimm ára nemendum úr öðrum leikskólum bæjarins er boðið í heimsóknir á vorönn áður en nám er hæfið í 1. bekk. Í starfsáætlun koma fram markmið með samstarfi þessara tveggja skólastiga. Þar er m.a. kynnt skólavinarverkefnið sem felst í því að þegar nemandi hefur nám í 1. bekk er hann „paraður“ við nemanda í 6. bekk sem verður skólavinur hans þar til sá eldri lýkur grunnskóla en þá verður sá yngri skólavinur nýs nemanda sem er að hefja nám í 1. bekk. Þannig eru sköpuð jákvæð tengsl milli aldurshópa í skólanum.

Í samstarfi við Frístund er svokallað Vinaliðaverkefni sem felst í því að nemendur í 4.-10. bekk skipuleggja og sjá um útileiki í fyrri frímínútum dagsins. Það er Frístund sem skipuleggur verkefnið.

Nemendur í 10. bekk fá kynningu á þeim námsleiðum sem þeim standa til boða eftir nám í grunnskóla og er nemendum m.a. boðið í heimsókn í FMOS. Námsráðgjafi er í reglulegu sambandi við námsráðgjafa annarra framhaldsskóla til að geta sem best upplýst nemendur um starfsemi þeirra. Samkvæmt starfsáætlun á að vinna tilfærsluáætlun þegar nemandi með miklar sérþarfir útskrifast úr Lágafellsskóla til að skapa betri skilyrði fyrir nám hans í framhaldsskóla og/eða starfa. Fram kom í rýnihópi að nemendum er nú skilað með fundi með nýjum skólayfirvöldum.

Skólinn er í virkum samskiptum við Listaskóla og Íþróttafélögin í Mosfellsbæ. Önnur samskipti við grenndarsamfélagið eru m.a. við héraðsbókasafnið, kirkjuna, íþróttamiðstöð og sundlaug ásamt ýmsum fyrirtækjum í grenndarsamfélaginu í tengslum við vinnustaðaval nemenda.

Styrkleikar

- Í stefnu skólans kemur fram að leitast er við að efla lýðræðisvitund nemenda.
- Samskipti nemenda og starfsfólks einkennist af jákvæðum samskiptum.
- Reglulegir fundir eru haldnir með öllu starfsfólki.
- Skólavina- og Vinaliðaverkefnin eru til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

- Vinna tilfærsluáætlanir vegna nemenda með miklar sérþarfir.

Skólaþróun

Sjálfsmatsáætlun skólans fyrir árin 2015-2020 liggur fyrir. Þróunar og umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra og ytra mati á starfinu. Stjórnendur hafa forgöngu um innra mat og fela ákveðnum aðila ábyrgð á framkvæmd þess. Í starfsáætlun er kafli um símenntun og fram kemur að hún sé unnin árlega. Í starfsáætlun 2014-2017 er birt símenntunaráætlun 2014-2015. Þar koma fram helstu áherslur skólans og óskir starfsfólks. Henni til grundvallar lá m.a. þarfagreining meðal kennara. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, þróunaráætlun og óskum starfsfólks.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar efnir reglulega til námskeiða og fræðslufunda sem starfsfólki býðst að sækja.

Styrkleikar

- Umbótaáætlun byggir á stefnu skólans.
- Skólastjóri styður kennara til að efla sig í starfi.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf símenntunaráætlun fyrir 2015-2016 í takti við umbótaáætlun þar sem einnig kemur fram hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámsskrá

Í starfsáætlun skólans, sem er hluti skólanámsskrár, eru birtar flestar þær upplýsingar sem aðalnámsskrá kveður á um vegna skólanámsskrár. Undir flípanum Skólanámsskrá á heimasíðu eru bekkjarnámsskrár. Starfsáætlun birtir einnig skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámsskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er uppfærð með aðkomu starfsfólks og lögð fyrir skólaráð. Starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.

Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans og starfsáætlun og bekkjarnámsskrár eru aðgengilegir á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Starfsáætlun uppfyllir þau viðmið sem aðalnámsskrá kveður á um.
- Starfsáætlun endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Vinna sérstaka skólanámsskrá með stefnu skólans og námsvísium, þar sem hægt er að skoða áherslur, námsefni og aðferðir hvernar námsgreinar frá 1.-10. bekk og hafa aðgengilega á heimasíðu.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Mikill tími fer þó í ferðir í sund og aðrar íþróttir sem gengur stundum inn á tíma annarra námsgreina.

Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka ákveðin námssvið fyrir á skemmri tíma en heilum vetri og á það sérstaklega við um verklegar greinar sem eru kenndar í lotum. Þá eru námsgreinar stundum samþættar og er það þá frekar verkefnaþétt. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk og er nám nemenda utan skóla metið til valgreina óski foreldrar þess. Búið er að færa enskukennslu „niður“ um bekk og verið er að vinna á svipaðan hátt með dönsku þar sem nemendur 9. bekkjar eru að ljúka námsefni 10. bekkjar. Nemendur eiga þá val um að taka námsefni framhaldsskóla í fjarnámi. Í 8. og 9. bekk er kennt í getuskiptum hópum í íslensku og stærðfræði.

Nemendur á yngsta stigi og miðstigi fara út tvisvar á dag í 20 mínútur í senn og er vinaliðaverkefnið nýtt til að undirbúa og skipuleggja útileiki nemenda í fyrri frímínútum dagsins. Eldri nemendur eiga val um hvort þeir fara út í hléum.

Styrkleikar

- Boðið er upp á fjölbreytt val fyrir nemendur 8.-10. bekkjar og einnig er nám nemenda utan skóla metið til valgreina ef foreldrar óska þess.
- Verkleigar greinar eru kenndar í lotum sem gerir vinnuna heildstæðari.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að ferðatími á milli skóla og íþróttamannvirkja gangi ekki inn á tíma annarra námsgreina.
- Auka val annarra nemenda en í 8.-10. bekk um viðfangsefni.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Það er m.a. gert í tengslum við Uppbyggingarstefnuna (Uppeldi til ábyrgðar). Á grundvelli þeirrar stefnu gera nemendur og umsjónarkennarar sk. bekkjarsáttmála sem er áberandi í flestum kennslustofum skólans. Almennar skólareglur eru ekki eins sýnilegar en þær eru á heimasíðu og eru ásamt viðurlögum birtar í starfsáætlun skólans.

Yfirlit yfir stoðþjónustu Lágafellsskóla er birt á heimasíðu og ítarlega er fjallað um sálfræðiþjónustu, sérkennslu, stuðning innan skólans og einstaklingsnámskrár í starfsáætlun skólans sem er aðgengileg á heimasíðu. Viðbrögð við einelti og verklagsreglur eru skilvirkar og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þær. Í rýnihópum voru eineltiskannanir, viðbrögð við þeim og árangur gjarnan nefnd sem dæmi um árangur umbótaáætlana. Heildstæð forvarnaráætlun liggur fyrir í starfsáætlun og er aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins. Kannanir og skimanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Áætlun um sérkennslu/stuðning liggur þó ekki fyrir og árangur stuðnings við nám ekki metinn formlega.

Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og móttökuáætlanir fyrir nemendur af erlendum uppruna og fyrir nemendur með sérstakar þarfir eru til í handriti.

Styrkleikar

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru til staðar.
- Bekkjarsáttmálar eru gerðir í hverjum bekk í samvinnu kennara og nemenda.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið eftir þeim.

Tækifæri til umbóta

- Hafa áætlun um sérkennslu/stuðning aðgengilega fyrir hagsmunaaðila.
- Gera almennar skólareglur sýnilegri.
- Ganga frá móttökuáætlunum fyrir nemendur af erlendum uppruna og nemendur með sérstakar þarfir og birta á heimasíðu skólans.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð er starfandi við skólann og fundar það tvisvar til þrisvar á önn. Fundaáætlun liggur fyrir, fyrir veturinn. Fundir þess eru boðaðir með dagskrá og eru upplýsingar um ráðið og fundargerðir þess

birtar á heimasíðu skólans. Skólaráð virðist vera virkur samráðsaðili um stjórnun skólans og stefnumörkun. Þeir sem sitja í skólaráði eru fulltrúar umbjóðenda sinna og nýta netið og fundi til að upplýsa um starfsemi ráðsins. Fulltrúar foreldra eru jafnframt í stjórn foreldrafélags og hefur ráðið góð samskipti og tengsl við foreldrafélagið. Fulltrúar nemenda eru virkir í ráðinu en þeir eru formaður og varaformaður nemendaráðs. Vegna þeirrar ráðstöfunar er ekki tryggt að nemendur sitji tvö ár í senn eins og reglugerð kveður á um. Formaður og varaformaður í nemendaráði eru valdir af skólastjóra í samstarfi við félagsstarfskennara.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og fundar skólastjóri reglulega með stjórn þess. Foreldrafélagið fundar í skólanum. Félagið er sýnilegt á heimasíðu skólans og þar kemur m.a. fram að það vinni að því „að efla kynni foreldra innbyrðis og styrkja menningar- og félagslíf innan skólans. Einnig sér það um umræðu og fræðslufundi um uppeldis- og skólamál í samráði við skólann. Setur fram óskir og tillögur um breytingar.“ Fram kom í rýnihópi foreldra að félagið kalli foreldra t.d. saman og bjóði upp á fyrirlestra.

Styrkleikar

- Skólaráð er virkt í störfum sem samráðsaðili um stjórn og stefnumörkun.
- Foreldrafélag fundar reglulega með skólastjóra og er starfsemi þess sýnileg á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa fulltrúa nemenda í skólaráð með lýðræðislegum hætti og til tveggja ára í senn.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara. Í tengslum við námskynningu að hausti fundar skólastjóri með foreldrum og fer yfir ýmislegt er varðar skólastarfið. Foreldrar eru þá hvattir til að koma með ábendingar. Jafnframt er foreldrum tjáð að þeir séu alltaf velkomnir í skólann til að fylgjast með námi barna sinna. Sérstakur kynningarfundur er haldinn með foreldrum barna sem eru að hefja skólagöngu.

Foreldrar eru sérstaklega hvattir til að koma þegar þemadagar eru eða í tengslum við hátíðir í skólanum. Tvenn skipulögð foreldraviðtöl fara fram yfir veturinn, kennarar eru með viðtalstíma og auk þess berast foreldrum upplýsingar með reglulegum hætti um Mentor, með tölvupósti og í síma. Þá eru fréttir af skólastarfinu birtar á heimasíðu. Ýmsir foreldrahópar og áhugafólk um skólann er með sínar Facebook-síður í lokuðum hópum. Í rýnihópi kom fram að til bóta gæti verið fyrir foreldra að fá bækling með grunnupplýsingum um skólann.

Reglulega, og sem hluti af innra mati skólans, eru gerðar foreldrakannanir þar sem ýmsar spurningar eru lagðar fyrir foreldra um skólastarfið. Niðurstöður slíkra kannana eru opinberar og birtar á heimasíðu.

Styrkleikar

- Reglulega eru gerðar foreldrakannanir og niðurstaða þeirra gerð opinber.
- Foreldrum bjóðast ýmis tækifæri til að koma í skólann og fylgjast með námi barna sinna.

Svið II - Nám og kennsla

Einkunnarorð Lágafellsskóla eru *samvera, samvinna og samkennd*, þau eru gildin sem skólastarfið byggir á. Á myndrænan hátt eru þessi þrjú hugtök látin mynda undirstöðu *sjálfstrausts*.

Skólinn vinnur eftir hugmyndafræði stefnunnar Uppeldi til ábyrgðar, sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum.

Í skólustefnu Mosfellsbæjar koma m.a. fram eftirfarandi markmið:

- Þekking, leikni og færni í samræmi við íslenska menntastefnu
- *Menntun standist alþjóðlegan samanburð*
- *Fjölbreyttir kennsluhættir og skilvirkar aðferðir sem taka mið af aðstæðum*
- *Efla félagsþroska og samskiptahæfni einstaklinganna*
- *Stuðla að því að gagnkvæm virðing sé ríkjandi í skólasamfélaginu*

Má því segja að markmið skólans og sveitarfélagsins í námi og kennslu fari vel saman.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega og nánast alla þætti, sem aðalnámskrá kveður á um, er þar að finna, ýmist undir flípanum skólanámskrá á heimasíðu eða í starfsáætluninni sem er til þriggja ára. Í svokölluðum bekkjarnámskrám er að finna hæfniviðmið í öllum námsgreinum í öllum bekkjum og hvernig grunnþáttum menntunar eru gerð skil. En þar er ekki að finna námsefni skólaársins í hverri grein, sérstöðu skólans, eða kennsluaðferðir ef litið er til skólaársins í heild. Hins vegar eru greinar-góðar kennsluáætlanir á heimasíðu skólans sem ná til hvernar annar.

Í rýnihópum kom fram að nemendur og foreldrar þekkja kennsluáætlanir en nýta sér lítt bekkjarnámskrár/námsvísa eða þekkja til þeirra.

Þegar hugað er að árangri kemur fram að mjög góður árangur er á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk (sjá kafla um samræmd könnunarpróf) og í rýnihópum kom fram að unnið er úr og með niðurstöður samræmdra prófa með það að markmiði að efla árangur nemenda. Í 7. bekk hefur hallað undan fæti hvað varðar námsárangur þegar litið er til samræmdra könnunarprófa.

Í könnunum sem skólinn leggur árlega fyrir nemendur t.d. varðandi einelti, kemur fram að þar hefur skólinn bætt stöðu sína hvað varðar samskipti og líðan nemenda.

Styrkleikar

- Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil bæði í kennsluáætlunum og bekkjarnámskrám.
- Góður námsárangur í 10. bekk er viðvarandi þegar litið er til síðustu ára.
- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Skýrara væri að hafa skólanámskrá og starfsáætlun aðskilda eins og aðalnámskrá hefur sett upp.

- Gera námsvísa/bekkjarnámskrár sem heildstæð skjöl þar sem kemur m.a. fram kennsluefni, kennsluaðferðir, sérstaða skólans, hæfniviðmið o.fl.
- Finna leiðir til að bæta námsárangur í 7. bekk í samræmdum prófum.

Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá og í kennsluáætlunum. Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og gefur tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta. Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá. Námsvísar, þar sem hægt er að skoða samfellu í hverri námsgrein frá 1.-10. bekk eru ekki til staðar og því er ekki hægt að sjá hvort stigvaxandi kröfur eru gerðar í námi.

Samstarf milli grunnskóla og framhaldsskóla er skráð í starfsáætlun og virkt. Sama gildir um samstarf milli leikskóla og grunnskóla. Það er þó einkum virkt í Höfðabergi, eðli málsins samkvæmt, þar sem 5 ára nemendur eru undir sama þaki og í miklu samstarfi við 1. og 2. bekkina Lágafellsskóla.

Nemendur á unglingastigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum. Á vettvangi var ekki áberandi að nemendur á yngri stigum hefðu val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar en fengu fremur að ráða útfærslu verkefna.

Í starfsáætlun kemur fram hver er tilgangur heimanáms en í rýnihópum kom fram að í elstu árgöngum þyrfti að huga betur að því hvernig það dreifist á vikudaga eða tímabil. Nemendasamtöl, þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda um líðan, eru regluleg einu sinni á önn frá 4.-10. bekk.

Styrkleikar

- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá.
- Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda.
- Samstarf milli skólastiga er skráð og virkt.
- Nemendur á unglingastigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum.

Tækifæri til umbóta

- Gera námsvísa/bekkjarnámsskrár þar sem hægt er að sjá samfellu í námi hvers fags frá 1.-10. bekk.
- Hugsa að því að nemendur á yngsta stigi og miðstigi hafi meira val um viðfangsefni og námsaðferðir.
- Hafa virkt og skráð ferli sem snýr að samstarfi elsta árgangs í leikskóla og grunnskóla, við alla leikskóla sem tengjast skólanum.
- Hugsa betur að því hvernig heimanám dreifist á vikudaga eða tímabil hjá elstu nemendum.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræði og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Við mat á kennslustundum sem matsmenn sátu í, voru flestar kennslustundir metnar góðar eða frábærar. Náms- einingar og kennslustundir eru yfirleitt vel skipulagðar og tími nemenda oftast vel nýttur. Á vettvangi var þó áberandi hvað kennslustundir í kringum íþróttir og í sumum tilfellum sund, urðu skertar, allt upp í það að nemendur misstu af hálfri kennslustund.

Leitast er við að samþætta námsgreinar, einkum á yngri stigum. Fulltrúar rýnihópa bentu á að það væri a.m.k. gert í einstaka verkefnum og nefndu þar textíl, myndmennt, íslensku og upplýsingamennt. Á vettvangi sáust nemendur vinna raunhæf verkefni tengd daglegu lífi þeirra. Þegar skoðaðir voru kennsluhættir á vettvangi voru fræðandi kennslustundir í miklum meirihluta, þ.e. innlagnir og vinna í vinnubókum en minna um leiðbeinandi eða lausnamiðaða kennslu. Upplýsingatækni var nánast ekkert nýtt af nemendum á vettvangi. Umræður og skoðanaskipti voru ekki áberandi því einstaklingsvinna hjá nemendum var í um 70% kennslustunda.

Námsmat og endurgjöf er oftast markviss og leiðir til framfara og árangurs nemenda. Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms, hæfniviðmiðum og tekur mið af kennsluháttum. Leitast er við að laga kennslu að mati á stöðu nemenda og kennarar bera alla jafna ábyrgð á hópaskiptingu nemenda. Nemendum var gerð grein fyrir dagskrá hvernar kennslustundar og jafnvel dagsins í heild en ekki var á vettvangi fjallað um markmið námsins.

Styrkleikar

- Kennarar sýna góða fagþekkingu, kennslufræðilega hæfni og sérfræði þeirra nýtist í starfi.
- Nemendur vinna að heildstæðum og samþættum verkefnum.
- Raunhæf verkefni, tengd daglegu lífi, eru hluti af námi nemenda.
- Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er leiðbeinandi og markviss.
- Námsmat er fjölbreytt og tengt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Huga að meiri umræðum og skoðanaskiptum í námi nemenda og leggja þannig rækt við gagnrýna hugsun.
- Auka samstarf og samvinnu nemenda.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.

Námshættir og námsvitund

Nám nemenda á unglingsstigi, með valáföngum, tekur mið af áhugasviði þeirra en í öðrum aldurshópum varð þess ekki vart nema að litlu leyti. Í nokkrum kennslustundum, einkum í verklegum greinum, geta nemendur valið sér námsaðferð eða úrlausn viðfangsefna. Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi. Einnig eru þeim ljósir styrkleikar sínir í námi.

Í kennslustundum fá nemendur markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendur nýttu sér afar lítið upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar í þeim kennslustundum sem matsmenn sátu.

Styrkleikar

- Nám nemenda á unglingsstigi tekur mið af áhugasviði þeirra í valáföngum.
- Nemendur gera sér grein fyrir mismunandi leiðum til að afla sér þekkingar.
- Nemendur hafa nokkurt val um útfærslu verkefna í námi sínu.

Tækifæri til umbóta

- Auka verkefni á öllum stigum sem höfða til áhugasviðs nemenda.
- Nýta meira upplýsingatækni í kennslu, m.a. til að auka fjölbreytni kennsluhátta.

Þátttaka og ábyrgð nemenda**Lýðræðisleg vinnubrögð**

Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda og tekið tillit til sjónarmiða þeirra við skipulag skólastarfs. Má þar nefna bekkjarfundir, kannanir, setu í skólaráði og stjórn nemendafélags og ekki síst á svokölluðum lýðræðisfundum þar sem beinlínis er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um ýmis málefni, fyrst á bekkjarfundum en síðan á fulltrúafundi nemenda með kennurum og stjórnendum. Í rýnihópum kom fram að nemendur viti um þessar leiðir og að þeir geti haft áhrif.

Skólaráð starfar þannig að fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku. Nemendafélag er starfandi og bjóða fulltrúar sig fram úr öllum bekkjum á unglingsstigi. Stjórnendur í samráði við félagstarfsmenn tilnefna formann og varaformann stjórnar nemendafélagsins sem síðan eru sjálfkjörnir í skólaráð.

Almennt eru samskipti í skólasamfélaginu jákvæð og einkennast af virðingu. Það kom fram í máli fulltrúa í rýnihópum að þarna hefur Uppbyggingarstefnan sannanlega haft góð áhrif.

Styrkleikar

- Nemendur tjá sig um málefni er snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.
- Lýðræðisfundir eru öðrum skólasamfélögum til eftirbreytni.
- Til er skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda.
- Fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku í skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að fulltrúar í nemendaráð og skólaráð séu kosnir lýðræðislegri kosningu.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur eru hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Það kemur m.a. fram í bekkjarsáttmálum í öllum kennslustofum. Fram kom í rýnihópi kennara að nemendur fá allt frá 3ja bekk þjálfun eða kennslu í að setja sér markmið. Hjá unglingsstigi er boðið upp á valgrein þar sem sérstaklega er fjallað um markmiðssetningar.

Þegar gerðar eru einstaklingsnámskrár eru foreldrar með í ráðum við setningu markmiða fyrir börn sín. Foreldrar geta fylgst með námi barna sinna á Mentor. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann en auk þess eru regluleg foreldraviðtöl tvisvar á ári og árlega boðið til „opinnar viku“ þar sem foreldrar eru sérstaklega boðnir velkomnir í skólann í kennslustundir.

Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda en markmið hvað varðar námseiningar í heild sinni virðast þeim ekki ljós.

Styrkleikar

- Nemendur eru hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi og framkomu.
- Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi.
- Foreldrar geta fylgst með framvindu náms á ýmsan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum ljós markmið í námi hvað varðar námseiningar í heild sinni.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar þar sem ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku, óháð atgervi þeirra og stöðu. Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt og nám lagað að niðurstöðum.

Verkefni, viðfangsefni og úrræði eru valin með það að markmiði að veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsrárangri. M.a er það gert í íslensku og stærðfræði á öllum stigum en með því að hafa allan árganginn í þeim greinum á sama tíma og hægt er að skipta þeim í mismunandi hópa. Þó kom fram í máli rýnihópa og við einstaklinga að e.t.v. mætti gera betur hvað varðar bráðgera nemendur og einnig að sjá til þess að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum. Á vettvangi kom fram að almennt eru nemendur í bóklegum greinum með sömu bækur og fást við sams konar verkefni.

Foreldrar eru með í ráðum um námsmarkmið sem sett eru í einstaklingsnámskrár, og sitja í teyllum sem mynduð eru vegna sértækra vandamála og nemendur sitja þar einnig, eftir því sem við á.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólalífinu.
- Skólabragur einkennist af sanngirni og virðingu.
- Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt og nám lagað að niðurstöðum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að allir nemendur fái nægilega krefjandi námsefni.
- Efla fjölbreytni kennsluhátta til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Stuðningur við nám

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Lagðar eru fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Þær eru birtar í starfsáætlun en ekki er skráð hvernig brugðist er við niðurstöðum.

Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum fagmenntaðra starfsmanna. Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrá og koma foreldrar að gerð þeirra og við að endurmeta þær þegar við á. Stuðningur við nám er tengdur markmiðum náms og er í sífelldri endurskoðun.

Í starfsáætlun er ítarlega fjallað um hvað felst í stoðþjónustu skólans. Þar er einnig fjallað um sérdeild sem stofnuð var við Lágafellsskóla haustið 2013. Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðari kennslu þar sem nemendur hafa einstaklingsnámskrá og fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskóla án aðgreiningar. Þar fá nemendur fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi en eru allir tengdir sinni bekkjardeild á einhvern hátt, mismikið en allt eftir þörfum hvers og eins.

Í starfsáætlun kemur fram að stefna skólans er að sérkennsla fari fyrst og fremst fram innan bekkjarhópsins. Í rýnihópum og á vettvangi kom þó fram að allmikill hluti sérkennslunnar fer fram í litlum hópum í sérstökum sérkennslustofum.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Skimanir og kannanir eru lagðar fyrir ýmsa aldurshópa til að finna þá sem þurfa sértæka aðstoð.
- Fagmenntaðir starfsmenn bera ábyrgð á sérstökum stuðningi.
- Á heimasíðu skólans er ítarlega fjallað um alla stoðþjónustu.

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.

Svið III – Innra mat

Í Lágafellsskóla eru nýttar margar leiðir í innra mati skólans. Í starfsáætlun má sjá hverjar eru helstu leiðir en þar eru taldar upp nemendakannanir, foreldrakannanir, starfsmannakannanir, starfsþróunarsamtöl, nemendasamtöl, tengslakannanir, lýðræðisfundir, eineltiskannanir, viðhorfskannanir foreldra barna í Frístund, Gæðagreinir o.fl. Í langtímaáætlun kemur fram að allir þættir skólanámskrár eru metnir reglulega.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Á heimasíðu skólans, í starfsáætlun, er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Langtímaáætlun liggur fyrir og nær til 5 ára í senn. Hún endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir reglulega. Í langtímaáætlun liggur því fyrir áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár. Þar koma fram tímasetningar og aðgerðir en ekki ábyrgðaraðilar hvers verkefnis og viðmið.

Í starfsáætlun skólans er birt stefnukort þar sem fjallað er um ýmsa þætti skólastarfs og nær einnig til fjármála en þar eru viðmið og ábyrgðaraðilar við hvern þátt. Í samtölum við stjórnendur skólans kom fram að þau viðmið eru notuð í innra matinu þar sem við á.

Í árlegri greinargerð kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats; það eru deildarstjórar og svo kemur námsráðgjafi að könnunum vegna eineltis. Innra mat er hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna. Lögð er áhersla á að meta nám og kennslu með reglubundnum hætti. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki fram reglulega, svo sem með mati skólastjóra á kennslu eða með jafningjamati kennara. Í nemendakönnunum og foreldrakönnunum eru þó spurningar sem snúa að kennslu að einhverju marki.

Innra mat er markmiðsbundið

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Grunnþættir í menntun, markmið og áherslupættir grunnskólalaga og skólastefna Mosfellsbæjar endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast þannig í innra mati skólans.

Innra matið metur leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum og skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Má þar nefna kannanir fyrir alla hagsmunaaðila skólans þ.e. nemendur, foreldra og starfsmenn, lýðræðisfundir (sjá kaflann Lýðræðisleg vinnubrögð), nemendaviðtöl, tengslakannanir, eineltiskannanir, Gæðagreinir o.fl.

Þegar þörf þykir eru gerðar sérstakar kannanir til að taka stöðuna á ákveðnum þáttum skólastarfs, t.d. sérstökum könnunum vegna Höfðabergs, Vinaliðaverkefnis o.fl. Skólinn nýtir einnig niðurstöður úr ytra mati s.s. niðurstöður samræmdra prófa og kannana á vegum sveitarfélags, í innra matið.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Starfsfólk, nemendur og foreldrar eru ekki virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati nema að litlu leyti þar sem ekki er matsteymi starfandi. Starfsfólk og skólaráð getur þó haft áhrif á fundum þegar matið er kynnt fyrir því.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar hagsmunaaðilum. Það er gert með því að ræða þær á starfsmannafundum, ræða við nemendur í bekkjum t.d. um niðurstöður eineltiskannana og í umræðum á skólaráðsfundum. Þá eru sendir út tölvupóstar til foreldra þegar nýjar skýrslur um innra mat eru settar á heimasíðuna.

Styrkleikar

- Í starfsáætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Langtímaáætlun liggur fyrir og nær til 5 ára.
- Árleg greinargerð fjallar ítarlega um helstu aðferðir og niðurstöður mats.
- Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar til að afla gagna.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa í matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.
- Innleiða ferli til að meta kennslu og fagmennsku kennara.
- Setja upp árlega matsáætlun þar sem koma bæði fram þættir innramatsáætlunar og stefnu-kortsins.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Árleg greinargerð um innra mat er birt á heimasíðu skólans og þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra mat skólans. Þar eru einnig lokaskýrslur vegna nemenda- og foreldrakannana þar sem eru birtar umbótaáætlanir þar sem koma fram markmið, aðgerðir, ábyrgðaraðilar og tímaáætlanir. Þar er einnig rætt um hvernig á að meta árangur en ekki hvenær. Þá eru eineltiskannanir, með umbótaáætlun einnig opinberar á heimasíðu skólans.

Heildar umbótaáætlun vegna allra þeirra þátta sem taldir eru upp sem hluti af innra mati skólans, svo sem eineltiskönnun, könnun um vinaliðaverkefnið, foreldrasamtöl auk þess sem áður er talið, er ekki til staðar.

Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum. Það er m.a. gert á starfsmannafundum, í bekkjum og í skólaráði auk þess sem birtar eru helstu niðurstöður kannana á heimasíðu.

Innra mat er umbótamiðað

Þær umbótaáætlanir sem fyrir eru, eru í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Þær eru unnar með hópum starfsmanna og lagðar fyrir skólaráð með formlegum hætti. Þar eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.

Tilgreint er í umbótaáætlunum hvernig á að meta árangur aðgerða. Í rýnihópum kom fram að allir hagsmunaaðilar þ.e. starfsfólk, nemendur og foreldrar, gátu nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til. Þegar rætt var um eftirfylgni umbóta við fulltrúa í rýnihópum kom fram að e.t.v. þyrfti að fylgja umbótum meira eftir, þ.e. kerfisbundið.

Styrkleikar

- Árlegar greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar og birtar á heimasíðu.
- Niðurstöður innra mats eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.
- Umbótaáætlanir eru tímasettar, með tilgreinum ábyrgðaraðilum og ferlum.
- Allar áætlanir eru formlega bornar undir skólaráð.

Tækifæri til umbóta

- Gera heildar umbótaáætlun sem nær til allra þátta innra mats.
- Tilgreina í umbótaáætlunum hvenær meta á árangur aðgerða.
- Huga að því að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir.

Svið IV – Starfsemi frístundasviðs Lágafellsskóla

Tilgangur og umgjörð Frístundasels

Í starfsáætlun Lágafellsskóla segir í kafla 3.6. Frístundastarfsemi „ Frístundasel Lágafellsskóla býður upp á fjölbreytt tólmundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur og mætir þörf for-eldra og barna fyrir heildstæða þjónustu.“

Skólaárið 2015-2016 fer frístundastarfið fram í tveimur byggingum skólans; á Höfðabergi og í húsnæði skólans við Lækjarhlíð. Frístundasel nýtir sér þannig húsnæði skólans til sinnar starfsemi. Starfstöðvar Frístundasels eru fjórar; tvær starfstöðvar eru staðsettar í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð en þar eru 3. og 4. bekkur ásamt þeim nemendum sem eru í sérdeild. Á Höfðabergi eru starfsstöðvar 1. og 2. bekkjar hvor í sinni álmunni. Frístundasel er mjög vinsælt meðal barnanna og eftirsótt að vera þar. Þannig eru t.d. 67% nemenda í 3. og 4. bekk í Frístund og yfir 90% í 1. og 2. bekk.

Stjórnendur Frístundasels Lágafellsskóla eru þrír. Skólastjóri, sem er ábyrgðarmaður Frístundaselsins, forstöðumaður sem sér um daglegt starf og aðstoðarforstöðumaður. Auk frístundastarfsins skipuleggur Frístund verkefnið Vinaliðar en vinaliðar koma úr 4.-10. bekk Lágafellsskóla. Vinaliðar funda reglulega og skipuleggja og sjá um útileiki í fyrri frímínútum skólans.

Starfsmenn Frístundasels Lágafellsskóla eru 23 í tæplega 8 stöðugildum. Kynjaskipting þeirra er 12 konur og 11 karlar. Stuðningsfulltrúar í Lágafellsskóla eru gjarnan frístundaleiðbeinendur síðari hluta dags. Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við skólann, Ungmennafélagið Aftureldingu, Listaskóla Mosfellsbæjar og Lágafellskirkju vegna „Kirkjukrakka“ til að skapa samfelldan skóladag fyrir börnin.

Leiðarljós Frístundasels

Leiðarljós Frístundaselsins er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem ein-kennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í leiðarljósi sem sett er fram í starfsáætlun Frístundasels eru einnig einkunnarorð Lágafellsskóla: samvera, samvinna og samkennd.

Styrkleikar

- Viðhorf til Frístundasels er jákvætt meðal nemenda og foreldra og vinsælt að vera þar.
- Kynjajafnvægi og breidd í starfsmannahópnum er til fyrirmyndar.

Tækifæri til umbóta

- Ákveðin óþægindi skapast af því að deila húsnæði með skólanum. Frístundasel þyrfti að hafa meira sérhúsnæði fyrir sína starfsemi.

Uppeldi og menntun í Frístundaseli

Í starfsáætlun Frístundasels kemur fram að hlutverk þess séu:

- að skapa skemmtilegt frístundastarf sem eykur þroska, samskiptahæfni og samkennd barna á allan hátt.
- að hlusta á skoðanir og væntingar barnanna og leitast við að koma þeim í framkvæmd.
- að stuðla að því að börnin læri að tjá sig og standa með sínum skoðunum.
- að stuðla að því að börnin þekki sjálf sig og sína styrkleika og veikleika og taki ákvarðanir út frá þeim.

Frístundastarfið er eins og áður segir í húsnæði skólans, með fjórar starfsstöðvar og því mikilvægt að skipulag sé gott, eða eins og fram kom í máli eins af starfsmönnum þess, að Frístundasel væri „fyrst og fremst skipulag, gott skipulag.“

Starfsfólk hefur svigrúm til að ræða gildi og viðhorf við börnin í daglegu starfi. Í starfinu eiga börnin val um verkefni og er útvíst hluti af því. Einnig eru í boði verkefni sem stuðla að sköpun og bókasafnið mikið notað af þeim nemendum sem eru í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð. Mikil áhersla er á íþróttir. Yngri börnin fá „Íþróttafjör“ í íþróttahúsinu einu sinni í viku en það er kynning á ýmsum íþróttagreinum. Gert er ráð fyrir því að eldri nemendur séu farnir að æfa íþróttir og fá þau stuðning til þess að mæta á þær æfingar. Dagskipulagið er metið daglega svo unnt sé að mæta óskum og væntingum nemenda.

Styrkleikar

- Nemendur eiga val um fjölbreytt verkefni.
- Námskrárnar eru kynntar foreldrum barna í sérdeild svo hægt sé að undirbúa þau fyrir hvern dag.

Tækifæri til umbóta

- Unnt væri að vinna betur með læsi, í víðum skilningi.
- Nærumhverfi býður upp á fjölbreytta möguleika til útlífs og útnáms sem vert væri að skoða.

Starfshættir og viðfangsefni

Börnin hafa val um viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk. Í Frístundaseli er starfrækt barnaráð sem í sitja fjórir nemendur í 3. og 4. bekk. Forstöðukona velur í ráðið og skiptir reglulega til að tryggja þátttöku sem flestra. Einnig er hugmyndakassi þar sem börnin geta komið hugmyndum sínum á framfæri. Þannig eru börnin virkjuð eftir formlegum leiðum til að taka þátt í að móta dagskrá frístundastarfsins og hugmyndir þeirra og sjónarmið hafa áhrif á starfið.

Þess er gætt að viðfangsefnin séu fjölbreytt og ögrandi og taki mið af áhuga barnanna og styrkleikum og leyfi þeim að njóta sín. Fram kemur að nemendur sem eiga í erfiðleikum í skólanum njóta sín iðulega vel í Frístund.

Einnig eru sköpuð ýmis tækifæri fyrir börnin að vaxa og eflast og njóta handleiðslu starfsmanna í skipulögðu starfi. Þannig hafa orðið til viðburðir eins og The Voice, söngvakeppni, Frístund got talent, hæfileikakeppni sem allir árgangar Frístundar geta tekið þátt í, stofnun sönghóps þar sem samvinna og ábyrgð eru í fyrirrúmi og stuttmyndir þar sem eldri nemendur velja sér verkefni. Auk þessa er fjölbreytt valkerfi sem er m.a. ætlað að styrkja börnin í að bera ábyrgð og að taka afstöðu. Börnin í sérdeild semja og setja upp leikrit á hverjum vetri og meira er farið með þau í vettvangsferðir en önnur börn í Frístund.

Lágafellsskóli er einn af *Skólum á grænni grein* og eru börnin virkjuð til að taka þátt í að viðhalda góðu orðspori skólans í umhverfismálum með því að flokka úrgang, fara reglulega út á skólalóð og taka til og að umgangast náttúruna af virðingu. Sveitarfélagið Mosfellsbær er heilsuefandi samfélag og hefur það einnig áhrif í Frístund, m.a. með áherslu á íþróttaiðkun og næringu barnanna.

Í dagskipulaginu er lögð áhersla á frjálsan leik og náms- og uppeldislegt gildi hans en fram kom í viðtali við forstöðumann að hugmyndafræði Frístundasels væri „þroski í gegnum leik og mikil áhersla á samskipti“ og er sjálfsprottum leik og athöfnum barnanna gefið mikið rými.

Mannréttindi og margbreytileiki

Í Frístund ríkja jákvæð viðhorf og virðing fyrir margbreytileika. Í starfsáætlun kemur fram að Frístund sé fyrir alla óháð fötlun, trúarbrögðum, þjóðerni eða litarhætti. Sérdeild Lágafellsskóla er önnur af tveimur starfsstöðvum Frístundar í aðal skólabyggingunni. Önnur börn í Frístund geta verið með börnum í sérdeild og börnin í sérdeild blandast hinum í skipulögðu starfi. Ekki hafa verið börn af erlendum uppruna í Frístund sem ekki geta bjargað sér á íslensku.

Börn í sérdeild fá sérstaka þjónustu fagfólks en frístundastarfið þar er á ábyrgð Frístundasels. Þar er sérstaklega tekið tillit til þarfa og óska einstaklinganna. Önnur börn í Frístund fá ekki sérstakan stuðning og sá stuðningur sem þau kunna að njóta í skólanum fylgir þeim ekki í Frístund. Stuðningsfulltrúar í Lágafellsskóla eru gjarnan frístundaleiðbeinendur síðari hluta dags og þannig flyst ákveðin þekking á milli og forstöðumaður er boðaður á teymisfundi og fær skýrslur um nýja nemendur, ef þær berast. Forstöðumaður er ekki með á skilafundum skólans á vorin.

Styrkleikar

- Viðfangsefnin höfða til margvíslegra áhugasviða og komið er til móts við börnin ef þau vilja skipta um viðfangefni.
- Aðferðir barnalýðræðis eru nýttar í starfinu og er barnaráð í Frístundaseli til fyrirmyndar.
- Nemendur í sérdeild njóta samvista við aðra nemendur í Frístund auk þess að fá sérstaka þjónustu við hæfi.

Tækifæri til umbóta

- Vettvangsferðir gætu verið snarari þáttur í starfinu og mundu ríma vel við áherslur á útivist og umhverfisvitund.
- Æskilegt væri að forstöðumaður Frístundasels væri með á skilafundum á vorin.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Lágafellsskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Jákvæður skólabragur er einkennandi fyrir skólann.

Styrkleikar í stjórnun

Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist í skólanámskrá/starfsáætlun á heimasíðu. Einkunnarorð skólans; samvera, samvinna og samkennd, eru kunn öllum hagsmunaaðilum. Uppbyggingarstefnan (Uppeldi til ábyrgðar) hefur verið innleidd og stuðlar að því að gera skólabraginn jákvæðan. Einnig hefur markvisst verið unnið með niðurstöður eineltiskannana til að auka vellíðan nemenda í skólanum. Samskipti nemenda og starfsfólks einkennast almennt af jákvæðum samskiptum.

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra. Skólaráð er virkt í störfum sem samráðsaðili um stjórn og stefnumörkun og foreldrafélag fundar reglulega með skólalastjóra og er starfsemi þess sýnileg á heimasíðu skólans. Reglulega eru gerðar

foreldrakannanir og niðurstaða þeirra gerð opinber og foreldrum bjóðast ýmis tækifæri til að koma í skólanum og fylgjast með námi barna sinna.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Æskilegt væri að stjórnendur færu reglulega í kennslustundir og kennarar fengju endurgjöf frá þeim.
- Vinna þarf að því að efla starfsandann og ganga frá málum sem tengjast nýjum kjarasamningum kennara.
- Uppfæra símenntunaráætlun fyrir 2015-2016 í takt við umbótaáætlun þar sem einnig kemur fram hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.
- Gæta þess að ferðatími á milli skóla og íþróttamannvirkja gangi ekki inn á tíma annarra námsgreina.
- Hafa áætlun um sérkennslu/stuðning aðgengilega fyrir hagsmunaaðila.
- Vinna tilfærsluáætlanir vegna nemenda með mikla sérþarfir.
- Kjósa fulltrúa nemenda í skólaráð til tveggja ára í senn.

Styrkleikar í námi og kennslu

Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil bæði í kennsluáætlunum og bekkjarnámskrám og skólanámskrá er endurskoðuð reglulega. Nemendur á unglingsstigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum og nemendum er kennt að setja sér markmið í námi. Á ýmsan hátt er leitað eftir sjónarmiðum nemenda varðandi skólastarf og m.a. á svokölluðum lýðræðisfundum sem eru öðrum til eftirbreytni.

Kennarar sýna góða fagþekkingu og sérfræði þeirra nýtist í starfi. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi og lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt og nám lagað að niðurstöðum. Almenn einkennist skólabragur af sanngirni og virðingu.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Skýrara væri að hafa skólanámskrá og starfsáætlun aðskilda eins og aðalnámskrá hefur sett upp.
- Gera námsvísa/bekkjarnámskrár þar sem hægt er að sjá samfellu í námi hvers fags frá 1.-10. bekk.
- Huga að því að nemendur á öllum stigum hafi meira val um viðfangsefni og námsaðferðir.
- Auka fjölbreytni í kennsluháttum m.a. með notkun upplýsingatækni.
- Huga að meiri umræðum og skoðanaskiptum í námi nemenda og leggja þannig rækt við gagnrýna hugsun.
- Gera nemendum ljós markmið í námi hvað varðar námseiningar í heild sinni.
- Gæta þess að fulltrúar í nemenda- og skólaráði séu kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Huga að því að allir nemendur fái nægilega krefjandi viðfangsefni.

Styrkleikar í innra mati

Í starfsáætlun er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Árleg greinargerð fjallar ítarlega um helstu aðferðir og niðurstöður mats og fyrir liggur langtímaáætlun til 5 ára þar sem sést að öll markmið skólanámskrár eru metin reglubundið með einhverjum hætti.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og gagna aflað með fjölbreyttum aðferðum. Þær umbótaáætlanir sem fyrir liggja, vegna tiltekinna kannana, eru tíma-settar og með tilgreindum ábyrgðaraðilum og leiðum til umbóta.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Kjósa í matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.
- Setja upp árlega matsáætlun í innra mati þar sem koma bæði fram þættir langtímaáætlunar í innra mati og stefnukorti skólans.
- Gera heildar umbótaáætlun sem nær til allra þátta innra mats.
- Tilgreina í umbótaáætlunum hvenær meta á árangur aðgerða.
- Innleiða ferli til að meta kennslu og fagmennsku kennara.

Styrkleikar í starfsemi Frístundasels Lágafellsskóla

Leiðarljós Frístundaselsins er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem ein-kennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Nemendur í sérdeild njóta samvista við aðra nemendur í Frístund auk þess að fá sérstaka þjónustu við hæfi.

Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk, m.a. í barnaráði sem í sitja fjórir nemendur úr 3. og 4. bekk. Kynjajafnvægi og breidd í starfsmannahópnum er til fyrirmyndar. Frístundasel er mjög vinsælt meðal barnanna og eftirsótt að vera þar.

Tækifæri til umbóta í Frístundaseli

- Ákveðin óþægindi skapast af því að deila húsnæði með skólanum. Frístundasel þyrfti að hafa meira sér húsnæði fyrir sína starfsemi.
- Unnt væri að vinna betur með læsi, í víðum skilningi.
- Vettvangsferðir gætu verið snarari þáttur í starfinu og mundu ríma vel við áherslur á útivist og umhverfisvitund.
- Æskilegt væri að forstöðumaður Frístundasels væri með á skilafundum skólans á vorin.

Frekari greining Lágafellsskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fullilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 51 kennslustund þar sem flestar voru metnar góðar, fjórar þóttu frábærar, átta voru metnar þannig að einhverja mikilvæga þætti þyrfti að bæta og engin stund var metin óviðunandi.

Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1 Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir í 70% af þeim kennslustundum sem metnar voru.

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í tveimur kennslustundum af 51 sem matsmenn heimsóttu .

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í níu af þessum stundum.

Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru-tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.

Fræðari-bein kennsla


Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

Leiðbeinandi-hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. eða

leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.


Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2 Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.


Í 74% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara



Mynd 3 Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.

Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.



Mynd 4 Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í kennslu, stund í sérdeild ekki tekin með. Raðað eftir bekkjardeildum frá yngstu til elstu.

Kennslustund nr. 19 með fimm nemendum og nr. 32 með átta nemendum eru sérkennslustundir ákveðins árgangs, annað eru almennar bekkjarstundir.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matsþáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lágafellsskóli. Slóðin er: <http://www.lagafellsskoli.is>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. *Sjálfsmat skóla.* Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm_skola_97.pdf

Mosfellsbær. Slóðin er: <http://www.mosfellsbaer.is>

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

